



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Mosfellsbær
B.t. Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi

Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 7. júní 2022
MÍ202202-0017/ 6.08 / 5221

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Efni: Dalland 527-L - Aðalskipulag breyting tillaga

Með tölvubréfi dagsett 5. maí 2022 óskaði skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir Dalland. Aðalskipulagsuppdráttur fylgdi ekki erindinu en staðfest var að um er að ræða skipulagsuppdrátt frá fyrra erindi sem Minjastofnun veitti umsögn um, dagsett 8. febrúar 2022. Aðalskipulagsuppdráttur dagsettur 26.10.2020, unninn af Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Breytingin felur í sér að stækka landbúnaðarland við Dalland 527-L um 6,1 ha. til austurs. Landið er skilgreint sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og samkvæmt meðfylgjandi aðalskipulagsuppdrætti mun svæðið falla undir lýsingu sem „landbúnaðarstarfsemi, hrossarækt, tún“.

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrr.
henny@minjastofnun.is

Þann 6. maí 2022 barst Minjastofnun uppfærð fornleifaskráning fyrir skipulagssvæðið, *Fornleifaskráning vegna aðalskipulagsbreytingar í landi Miðdals*, unnin af Antikva ehf, árið 2022. Er hún í samræmi við reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 og telst hún fullnægjandi fyrir afgreiðslu þessa skipulags. Fyrirspurn var send skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar vegna ósamræmis um tilgang fornleifaskráningar, milli skipulagsuppdráttar og fornleifaskráningar. Þann 7. júní 2022 barst stofnuninni svar vegna þessa, þ.e. uppfærður kafli fornleifaskráningar sem fjallar um tilgang fornleifaskráningar, þar sem fram kemur að: „*Fornleifaskráningin skal nýtt við gerð hugsanlegs deiliskipulags, en slíkt er ekki í vinnslu. Deiliskipulag skal samræmast gildandi aðalskipulagi og landnýtingu skv. skipulagsreglugerð.*“


Samkvæmt fornleifaskráningunni eru þrjár fornleifar skráðar innan skipulagssvæðis, Gamli-stekkur, tóft (1915), Alfaravegurinn gamli (1971) og leið/gata (1977).

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Ekki er fyllilega ljóst á skipulagsgögnunum hvort fyrirhugaðar séu framkvæmdir á skipulagssvæðinu í tengslum við ofangreinda breytingu á skilgreiningu svæðisins. Mikilvægt er að tryggja góða umgengi við minjarnar og varðveislu þeirra. Ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir á svæðinu þarf að tilkynna þær til Minjastofnunnar Íslands. Í þessu samhengi er vakin athygli á 21. 22. og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dallands.

Virðingarfyllst,


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar (kristinnp@mos.is)
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)